

## Yfirlit um skógræktarstarf hjá Suðurlandsskógum árið 1998.

C:fyrstaarid

### 1. Skógrækt.

Á fyrsta ári Suðurlandsskóga var plantað alls 411.972 trjáplöntum . Skipting á milli tegunda er þessi;

Tegund	Fjöldi
Alaskaösp	61.647
Sitkagreni Vor	108.548
Sitkagreni Haust	6.420
Blágreni	1.840
Rússalerki	88.570
Stafafura	70.706
Ilmbjörk	50.681
Vörtubirki	3.960
Ilmreynir	1.610
Gráelri	2.100
Alaskavíðir	15.360
Annað	595
Alls	411.972

Í hekturum talið gerir þetta 165 ha. Skipting á milli sýslna er þessi;

Rangárvallasýsla 16 % af heild eða 66.000 plöntur.

Árnessýsla 59 % af heild eða 243.000 plöntur.

V-Skaftafellssýsla 25 % af heild eða 103.000 plöntur.

### 2. Skjólbeltarækt.

Árið 1998 voru lagðir út u.þ.b. 18,6 km af skjólbeltum og fóru í það 17.250 plöntur. Ætla má að þessi skjólbeltarækum samsvari 5 ha af skógi. Alls tóku 30 jarðir þátt í skjólbeltaræktinni í ár, en þar að auki var unnið að undirbúningi skjólbelta fyrir næsta ár á nokkrum jörðum til viðbótar. Reynt verður í framtíðinni að skipta vinnu við lagningu skjólbelta á tvö ár þ.e.a.s. fyrra árið verður allur undirbúningur unninn og seinna árið verður plantað í beltin eða stungið stiklingum.

Skipting á milli tegunda í skjólbelti fyrir árið 1998 er þessi;

Tegund	Fjöldi
Hreggstaðav.	1.155
Sitkagreni	80
Alaskavíðir	1.635
Jörfavíðir	2.050
Alskaösp stikkl.	425
Reynir	140
Gulvíðir	1.975
Alaskaösp fp35	1.885
Körfuvíðir	350
Tunguvíðir	350
Alaskavíðir fp35	6.405
Viðja	800
Alls	17.250

### 3. Gróðursetning.

Trjá- og runnablöntur voru keyptar hjá nýu garðyrkjustöðvum á Suðurlandi, Svlandi og Austurlandi. Notaðar voru dreifingarstöðvar, ein í hverri sýslu. Þetta fyrirkomulag tókst mjög vel í alla staði og verður framhald á dreifingu plantna á þennan hátt í framtíðinni. Með þessu móti er hægt að afhenda plöntuskammt sem á að plantast þann daginn, og koma á þann hátt í veg fyrir að plöntur ofþorni í bökkum á plöntustað eins og dæmin sanna að hefur komið fyrir.

Einn skógarbóndi tók að sér útplantanir á öðrum bæjum og skilaði mjög góðu verki. Eins var Markús Runólfsson fenginn til að planta á einum bæ með útplöntunarvél. Sýndi það sig að mjög auðvelt verður í framtíðinni að planta 10 til 12 þús. plöntum á einum degi með þessari aðferð.

Nær öllum plöntum á vegum Suðurlandsskóga var gefinn áburður strax að lokinni útplöntun.

### 4. Plöntuverð.

Verð á plöntum til Suðurlandsskóga sem búið var að semja um áður en verkefnið fór formlega af stað, var 24,93 kr/plantan með Vsk. Þetta verð gildi fyrir árið 1998. Í útboði sem Ríkiskaup framkvæmdi fyrir Sls snemma á árinu varð meðalverð 19,89 kr/plantan. Er um að ræða mikla lækkun sem kemur sér vonandi vel fyrir skógrækt á Suðurlandi.

### 5. *Fjöldi jarða í Sls.*

Mikill fjöldi jarða sækir um í Suðurlandsskógaverkefnið. Reikna má með að á árinu 1999 verði komnar 150 jarðir inn í verkefnið og 170 á árinu 2000 ef gengur fram sem horfir. Eru þetta mun fleiri jarðir en reiknað var með í upphafi.

### 6. *Áætlanagerð.*

Suðurlandsskógar tóku við áætlanagerð af S.r. vegna skjólbelta á árinu. Má segja að allar jarðir sem eru farnar af stað eða eru að fara af stað í skjólbeltarækt á vegum verkefnisins hafa fengið skjólbeltaáætlanir nú þegar. Vinna við skógræktaráætlanir hjá Skógarþjónustunni er einnig í fullum gangi.

### 7. *Starfsmenn.*

Fyrir utan framkvæmdastjóra voru þrír svæðisstjórar í hlutastarfi. Þau voru Hallur Björgvinsson í Rangárvallasýslu, Elín Bergsdóttir í V-Skaftafellssýslu og Harpa Dís Harðardóttir í Árnassýslu. Harpa Dís sá um að móta starf svæðisstjóra ásamt framkvæmdastjóra og þar að auki sá hún um uppgjör við bændur.

Agnes Brá Birgisdóttir var um tíma hjá Sls og tölvuvann skjólbeltaáætlanir.

### 8. *Stjórn.*

Í stjórn Suðurlandsskóga 1998 sátu Ísólfur Gylfi Pálmason formaður, Jón Loftsson og Gunnar Sverrisson. Björn B. Jónsson var ritari stjórnar. Alls voru haldnir fimm stjórnarfundir á árinu.

### 9. *Merki Sls.*

Merki Sls var valið á árinu eftir að samkeppni hafði farið fram. Guðrún le Sage de Fontenay vann keppnina og hefur merki hennar “Rætur” verið tekið í notkun.

### 10. *Fyrsta plantan.*

Fyrsta gróðursetning á vegum Sls fór fram í Skálholti 16. maí 1998.

Forsíðumyndin er af þeim sem fyrstir plöntuðu undir merkjum Suðurlandsskóga. Myndina tók Jón Þórðarson.

### 11. *Fjárhagur.*

Rekstrarafgangur Sls var 140.111.- kr á árinu 1998 ( sjá reikningsskil).

Björn Bjarndal Jónsson  
framkvæmdastjóri Sls.